

157. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
4. 3. 2026 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Ingunn Jónsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Sindri Örn Elvarsson, Snævarr Guðmundsson, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Kristín Vala Þrastardóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Ingveldur Sæmundsdóttir, Guðjón Ragnar Jónasson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Fjarverandi: Karl Benediktsson og Valdís Björg Friðriksdóttir

Ársreikningur

Drög að ársreikningi lágu fyrir fundinum. Hugrún Harpa fór yfir helstu liði ársreiknings og ræddi stjórn sérstaklega framsetningu kostnaðar við verkefni. Forstöðumaður mun ræða framsetningu við endurskoðanda og gera grein fyrir svörum í tölvupósti til stjórnar. Ársreikningur verður aftur tekinn fyrir á aukafundi stjórnar þann 19. mars þegar lokið hefur verið við könnun og endanlegur reikningur liggur fyrir.

Undirbúningur ársfundar

Hugrún Harpa ræddi breytingar sem þarf að gera á ársfundi á skipan embætta í stjórn. Ákveðið var að leggja til við ársfund að Þórgunnur Torfadóttir taki við sem formaður stjórnar og Sindri Örn Elvarsson taki við sem gjaldkeri stjórnar. Einnig greindi Hugrún frá breytingum á aðildarstofnunum sem þarf að leggja fyrir ársfund en sú breyting felur í sér að Náttúruverndarstofnun verður skráð aðildarstofnun í stað Vatnajökulspjóðgarðs.

Ákveðið var að gera tilraun með að hafa ársfundinn rafrænan að þessu sinni og sjá hvort mæting verði betri en síðustu ár. Stefnt er að því að fjórar aðildarstofnanir verði með stutt erindi á fundinum, það eru: Framhaldsskólinn í Austur – Skaftafellssýslu, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Háskólafélag Suðurlands og Náttúruverndarstofnun.

Breytingar á stjórn

Frá síðasta fundi hefur orðið ein breyting á stjórn. Snævarr Guðmundsson, nýr forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands, hefur tekið sæti Lilju Jóhannesdóttur sem fulltrúi Náttúrustofunnar. Stjórn býður Snævarr velkominn í hópinn.

Starf vorsins

Hugrún Harpa fór yfir starf setursins á vormánuðum og sagði frá helstu verkefnum og viðburðum sem eru fram undan. Vakti hún sérstaka athygli á ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið sem haldin verður í Nýheimum 17. og 18. apríl. Rúmlega 60 fjölbreytt og áhugaverð erindi verða á ráðstefnunni.

Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið klukkan 10:00

Ingunn Jónsdóttir SASS

Hugrún Reynis.